



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

28. ÁRG. 2. TBL. September 2007



Kirkjan okkar Njótum hennar

- **Fastir liðir vetrarstarfsins**
- **Vígsluafmæli**
- **Gluggasöfnun fyrir Seljakirkju**

Það eru nokkur tímamót í starfi Seljasafnaðar í ár. Á komandi jólaföstu eru 20 ár frá því að kirkja safnaðarins var vígð. Mörg okkar munum þau þrekvirki sem vinna varð í safnaðarstarfinu til að ná þeim áfanga sem þá vannst. Söfnuðurinn hefur líka notið þess ómælt á tuttugu árum að eiga það góða guðshús sem Seljakirkja er. Þess munum við minnst með ýmsu móti, eins og sagt er frá í þessu blaði. Þar er

líka minnt á hina ýmsu þætti safnaðarstarfsins, sem allir eru til þess að efla trú, sem aftur stuðlar að bættu mannlífi. Við skulum njóta þess að eiga góða kirkju, kirkjumiðstöð sem iðar af lífi alla daga vikunnar. Eflum það starf. Tökum þátt í því. Við þurfum á því að halda.

Valgeir Ástráðsson

Samverur eldri borgara í Seljakirkju

Þær vinsælu samverur hefjast nú eftir sumarleyfið, sú fyrsta þriðjudaginn 25. september.

Samverurnar verða síðasta þriðjudag hvers mánaðar og hefjast kl. 18. Þá er gengið til kirkjunnar, þar sem byrjað er með helgistund. Að henni lokinni kemur gestur, sem fræðir og skemmtir. Stundinni í kirkjunni lýkur svo með vönduðu tónlistaratriði. Að samkomunni lokinni er gengið til safnaðarsalar, þar sem reidd verður fram létt máltíð og hægt er að spjalla saman.

25. september koma til okkar systurnar Þrjár Gerður, Hildur Eir og Jóna Hrönn Bolladætur.

Þær munu saman sjá um talað mál og tónlist.

30. október verður ræðumaður kvöldsins Jón R. Hjálmarsson, fyrrum skólastjóri og námsstjóri. Tónlist kvöldsins flytur Kristjana Skúladóttir, söngkona og leikari.

27. nóvember heldur Tryggvi Gíslason, fyrrum skólameistari, ræðu kvöldsins. Þar sem komið er nærri aðventu mun kirkjukórinn flytja m.a. aðventulög undir stjórn Jóns Bjarnasonar.

Fyrirlestrar um Biblíuna hefjast 26. september.

Bíblíulestrarnir hefjast nú og verða annan hvern miðvikudag og byrja kl. 19:30 og lýkur kl. 21. Það er vert fyrir kristið fólk að kynna sér þá bók, sem er trúarbók þeirra og er jafnframt virtasta og lang útbreiddasta bók veraldarinnar. Lestur Biblíunnar verður dýrmætur öllum þeim sem hann stunda. Fyrirlestrarnir eru leiðbeining til slíks lesturs. Lögð er áhersla á fræðlegan grunn og tekið mið af hinum viðamiklum bíblíurann-

sóknum nútímans. Sr. Valgeir flytur fyrirlestrana og stjórnar umræðum. Nú í ár verður fjallað um fyrstu kafla Biblíunnar, þau rit sem líklega eru meir misskilin en flest annað í heilagri ritningu, en jafnframt það sem hvað mest er hægt af að læra. Fyrsti fyrirlesturinn er 26. september. Hann er opinn öllum og ekki þarf að greiða fyrir þátttöku í námskeiðinu.

Mömmumorgnar

Samverustundir fyrir mæður með börnum sínum hafa verið í Seljakirkju um árabil. Þar hefur verið mikilvægur vettvangur til að hittast, ræða málín

og kynna. Oft hafa verið fræðandi erindi. Ástæða er til að benda á mömmumorgnana sem eru á þriðjudagsmorgnum kl. 10.

Ný þýðing Biblíunnar

Lokið hefur verið við nýju þýðingu Biblíunnar og mun hún væntanlega koma út 18. október. Þýðing Biblíunnar úr frummálunum er mikill viðburður. Þessi nýja þýðing hefur verið unnin á vegum Hins íslenska bíblíufélags og allt verið afskaplega vel vandað. Fræðimenn um Ritninguna hafa þar farið höndum um, ásamt færustu málfarsmönnum, til þess að



Biblían verði aðgengilegri fyrir alla. Þá hefur einnig mikil áhersla verið á það lögð að frágangur og prentun séu á þann hátt sem best verður. – Í Seljakirkju munum við taka þátt í að fagna hinni nýju þýðingu. Við guðsþjónustu 21. október verður tekið á móti nýju Biblíunni, í andyri verður komið fyrir sýningu eldri þýðinga.



Fréttir

Æskulýðsfélagið Velheppnuð utanferð

Í júlímánuði síðastliðnum tóku félagar úr eldri deild æskulýðsfélagsins Sela þátt í norrænu móti unglunga í Finnlandi. Undirbúningur hafði staðið lengi, með alls konar fjáröflun. Í ferðinni sem tókst afskaplega vel voru 14 félagar. Það var þeim mikils virði að taka þátt í kirkjustarfi ungs fólks erlendis. Fararstjórar voru sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson og Jón Ómar Gunnarsson. Hópurinn var söfnuði sínum til mikils sóma á erlendri grund.

Kirkjukórinn

Með vetrarstarfinu eru stór áform í kirkjukórnum. Starfið í guðsþjónustum kirkjunnar er gjöfult og gefur mikil tækifæri fyrir góðan kór. Kórinn leiðir safnaðarsöng og flytur auk þess kórverk í guðsþjónustunum. Æfingar eru að jafnaði einu sinni í viku. Stjórnandi kórsins er Jón Bjarnason. Kórinn getur enn bætt við sig nokkrum röddum. Nánari upplýsingar um það gefur söngstjórinn. Auk hins fasta starfs hyggur kórinn á Kanadaferð næsta sumar og mun þá syngja á Íslendingadeginum þar.

Sumarnámskeið barna

Eins og undanfarin ár voru á liðnu sumri haldin námskeið fyrir 6–10 ára börn á vegum Seljakirkju. Alls voru námskeiðin þrjú, þar sem sett var fram kristin uppfærsla með leik og gamni. Þessi námskeið eru hluti hins mikla barna og unglíngastarfs kirkjunnar. Það er mikil þörf að veita þá uppfærslu til hollrar mótunar æskunnar.

Aðalfundur

Árlegur aðalfundur safnaðarinnar var haldinn 20. maí s.l. Sóknamefnd skipa nú Guðmundur Hjálmarsson, fomaður, Sveinbjörn Valgeir Egilsson, varaformaður, Eymundur Runólfsson, gjaldkeri, Kristín Ísfeld, ritari, Aðalheiður Jónsdóttir, Björg Sigurðardóttir, Dóra Ingvarsdóttir, Kristín Edda Guðmundsdóttir og Matthildur Sverrisdóttir. Varafólk sóknamefndar er Áslaug Sigurðardóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Ingibjörg Hallgrímsdóttir, Jenetta Bárðardóttir, Jón Guðlaugsson, Jónína Bjartmarz, Lárus Loftsson, Valdimar Pétursson og Valgerður Jóhannesdóttir

20 ár frá vígslu Seljakirkju

Seljakirkja var vígð 13. desember, 3. sunnudag í aðventu, árið 1987. Þá hafði verið skipulagt safnaðarstarf í Seljasókn frá hausti ársins 1980. Þegar kirkjan var tekin í notkun hafði það verið í margs konar hús-næði innan sóknar og utan. En fyrir mikinn dugnað sóknarfólks tókst að koma þeirri góðu aðstöðu, sem við nú höfum í kirkjumiðstöðinni. Það var mikill áfangi, sem vert er að minnst.

Ráðstefna um Seljahverfið

Í tilefni vígsluafmælisins standa Seljakirkja, Seljaskóli, Ölduselsskóli ásamt Reykjavíkurborg fyrir ráðstefnu 24. nóvember í Seljakirkju um Seljahverfið, þróun þess, sögu og þarfir. Dagskrá verður auglýst síðar. Þar verður íbúum hverfisins og áhugafólki boðin þátttaka.

Hátíðardagskrá 3. sunnudag í aðventu, 16. desember

Þá verður guðsþjónusta ásamt kvöldsamkomu með hátíð til að þakka fyrir kirkjuhúsið okkar góða.

Fyrirbænasamverur

Á miðvikudögum kl. 18 eru sérstakar samverur í kirkjunni þar sem barnar eru fram bænir fyrir einstaklingum og hópum. Að sjálfsögðu eru allar guðsþjónustur kirkjunnar ætlaðar til fyrirbæna. En við þessar sérstöku stundir eru nefnd nöfn þeirra sem farið hefur verið fram á að beðið sé fyrir. Nöfnin eru skráð í bænabókina. Það er hægt að gera með því að koma til stundanna, eða koma nöfnunum á framfæri við starfsfólk kirkjunnar. Á erfiðleikastundum er gott að vita um mátt bænarinnar. Á öllum stundum er líka vert að bera fram þakklæti fyrir það sem Drottinn gefur.

Steindir gluggar í Seljakirkju



Það hefur frá upphafi verið löngun og ætlun safnaðarfólks að prýða kirkjuna með lituðu gleri. Ákveðið var að þar yrði myndefni, sem jafnframt væri ungum og öldnum í söfnuðinum fræðsla um þætti trúarinnar. Myndefnið fylgir hjálpræðissögunni, frá sköpun, um Gamla testamentið, frásögnum guðspjallanna, og sögu kirkjunnar. Til þess starfs var Einar Hákonarson myndlistarmaður ráðinn. Vinnsla myndanna í gler er nú hafin, en hún fer fram í glerverkstæði Oidtmans í

Þýskalandi, en þar hafa verið unnin fjölmörg listaverk fyrir kirkjur og opinberar byggingar hér á landi.

Söfnunarátak – Tökum höndum saman

Kostnaður við gerð glugganna er mikill, en með samstilltu átaki okkar allra hér í Seljasókn náum við, sem öll erum eigendur þessa góða húss, að prýða kirkjuna okkar á þessum tímamótum. Við

leitum því til allra sóknarbarna með von um góðar undirtektir, því það er vel við hæfi að þetta fallega myndverk verði sett upp fyrir 20 ára vígsluafmælið. Í tilefni þessa söfnunarátaks hefur verið opnaður sérstakur bankareikningur í nafni gluggasjóðs Seljakirkju nr. 0319 13 301510. Kennitala sóknarinnar er 65 11 80 0319. Myndir allra glugganna verða settar inn á heimasíðu kirkjunnar, www.seljakirkja.is. Nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu Seljakirkju í síma 5670110.





Fastir liðir safnaðarstarfsins

Vetrardagskrá 2007 – 2008

Almennar guðsþjónustur sunnud. kl. 14

Í guðsþjónustu sunnudagsins sameinast allir þættir safnaðarstarfsins. Þar leggur hver og einn fram bænir sínar og þakklæti til Guðs. Sambæn safnaðarins er skylda hvers kristins manns og jafnframt tækifæri hans. Í guðsþjónustunni er lögð áhersla á almenna þátttöku. Altarisganga er síðasta sunnudag hvers mánaðar.

Barnaguðsþjónustur sunnudaga kl. 11

Þær guðsþjónustur eru ætlaðar börnum og foreldrum þeirra. Þar er sameinast um söng og gleði. Fræðsla er miðuð við þarfir barnanna og skilning.

Kvöldguðsþjónustur

Þriðja sunnudag hvers mánaðar eru einnig kvöldguðsþjónustur, sem hefjast kl. 20. Prestar kirkjunnar þjóna þar en Þorvaldur Halldórsson stjórnar tónlistinni. Við hverja kvöldguðsþjónustu er altarisganga.

Fyrirbæna guðsþjónustur miðvikudaga kl. 18

Þar er beðið fyrir einstaklingum og hópum. Fyrirbænaefnum má koma til skrifstofu kirkjunnar. Þar eru allir velkomnir til þátttöku. Það er gott að geta sjálfur borið fram bænaefni í kirkjunni sinni.

Guðsþjónustur Skógarbæ

Síðasta sunnudag hvers mánaðar eru guðsþjónustur í Skógarbæ. Þær hefjast kl. 16. Þær guðsþjónustur eru að sjálfsögðu öllum opnar. Prestar kirkjunnar sjá einnig um reglulegar heimsóknir og helgistundir í Skógarbæ.

Mómmorgnar þriðjudaga kl. 10

Komið er saman til skrafs, skemmtunar fróðleiks. Umsjón með þessum stundum hefur Gerður Bolladóttir

Menningarvaka „heldri borgara“

Við kjósum að segja samkomur fyrir eldri borgara vera fyrir þá heldri. Þær eru síðasta þriðjudag hvers mánaðar yfir vetrartímann og hefjast kl. 18. Dagskrá er tengd skemmtun og spjalli. Við lok hverrar samveru er léttur málsverður.

Kvenfélag Seljasóknar

Fundir kvenfélagsins eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Þar er fengist við fjölbreytt efni, skemmtun, fræðslu og námskeið.

Biblúlestrar

Lestur Biblíunnar er eitt af stóru verkefnum kristins manns og ótæmandi sjóður blessunar og visku. Á þessum samverum, sem eru annan hvern miðvikudag og hefjast kl. 19:30 er um það fjallað. Byggjast þær upp af fyrirlestri og umræðum. Tekið er mið af hinum viðfangsmiklu rannsóknum vísindamanna í nútímabiblúfræðum. Þátttaka er öllum heimil og ekki eru greidd námskeiðsgjöld.

Fermingarfræðsla

Sú fræðsla hefst með skólum að hausti. Fermingar hefjast í lok marsmánaðar. Fermingarbörn og fjölskyldur þeirra undirbúa ferminguna til þess tíma. Fermingartímar eru samkvæmt stundarskrá.

Æskulýðsfélag Sela

Æskulýðsfélagið er vettvangur fyrir unglunga til að ræða saman um hluti sem skipta máli. Þar er unnið að skemmtilegum verkefnum sem hæfir unglungum. Yngri deildin er fyrir 8. bekk og hittist í kirkjunni á mánudagskvöldum kl. 20 og eldri deildin, sem er fyrir 9. og 10. bekk hittist á þriðjudagskvöldum kl. 20. Á vegum æskulýðsfélagsins starfar einnig unglíngakór sem æfir á þriðjudögum kl. 17.

K.F.U.K. í Seljakirkju mánudaga kl. 17:30

Fundir eru fyrir stelpur 9 – 12 ára. Fundaefni er fjölbreytt, fræðsla, leikir, söngvar og gaman.

K.F.U.M. í Seljakirkju fimmtudaga kl. 17:30

Það eru fundir fyrir stráka 9 – 12 ára. Þar hittast hressir strákar við margskonar skemmtileg viðfangsefni

Barnakór Seljakirkju

Kórarnir æfa til þátttöku í athöfnum kirkjunnar. Þar fer fram hjálfun við raddbeytingu og framkomu. Stjórnandi barnakórsins er Anna Margrét Óskarsdóttir. Æfingar eru á þriðjudögum kl. 15 og fimmtudögum kl. 15.

Kór Seljakirkju

Kirkjukórinn leiðir söng við guðsþjónustur safnaðarins og flytur einnig fjölbreytta tónlist þar. Kenned er raddbeyting. Æfingar kirkjukórsins eru fimmtudaga kl. 19:30. Stjórnandi kórsins er Jón Bjarnason.

Seljur, kór kvenfélagsins

Seljurnar eru kvennakór, þar sem er fjölbreytt efnisskrá og hress félagsandi. Æfingar kórsins eru miðvikudaga kl. 20. Stjórnandi Seljanna er Svava Ingólfssdóttir.

AA fundir

Í Seljakirkju starfa fjórar deildir. Öpnir fundir eru á sunnudagskvöldum kl. 21. Sporadeildarfundir eru mánudaga kl. 19:30. Almennir AA fundir eru á fimmtudögum kl. 19 og laugardögum kl. 16.



Safnaðartíðindi Seljasóknar
28. árg. 2. töl. September 2007
Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útitshönnun: Gísli B. Björnsson
Prentvinnsla: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.